

## GJALDSKRÁ

### fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

#### 2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir í þéttbýli	kr.	30.070
b) Aukasorpilát í þéttbýli	kr.	14.980
c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr.	15.530

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

#### 3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>	<i>kr./kg m.vsk</i>	
Pressanlegur úrgangur		17,17
Ópressanlegur úrgangur		25,77
Málað timbur eða plasthúðað		25,77
Óflokkaðir málmar		4,31
Blandaður pappír		18,92
Dagblöð og tímarit		18,92
Plastumbúðir, harðplast		17,17
Fatnaður		17,17
	<i>m<sup>3</sup></i>	<i>kr. m.vsk.</i>
Móttökugjald fyrir einstaka farma	0,25	903
	0,5	1.806
	0,75	2.710
	1	3.613

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m<sup>3</sup> í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun söfnunarstöðinni.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2013 staðfestist hér með samkvæmt stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 157/2013.

*Búðardal, 19. desember 2013.*

**Sveinn Pálsson** sveitarstjóri.